VERKALÝÐS BLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

9.Tbl. 4. Árg. 16. - 30. maí 1978 150 kr.

Skilum auðu í alþingiskosningunum!

Sjá opnu

Stefnunni vex fiskur um hrygg!

Frá útifundi Samfylkingar 1. maí 1978 (Mynd: Samfylking 1. maí.)

Pólitísk uppsögn á Kirkjusandi

Það er skammt stórra högga á milli hjá forstjórum í frystihúsinu á Kirkjusandi í Rvík. Fyrir skömmu hótuðu þeir tveimur verkakonum brottrekstri fyrir að neita að vinna yfirvinnu(!), þar af annarri trúnaðarkonu Verkakvennafélagsins Framsóknar. Þeirri atlögu var hrundið af verkafólkinu á staðnum.

Nú var það trúnaðarmaður Dagsbrúnar, Bjarni Jónsson, sem fékk uppsögn, en forstjórarnir hafa ekki lagt í að fylgja henni eftir, þótt fullur vilji sé fyrir hendi. Þeir óttast samtakamátt verkafólksins.

Saga málsins er sú, að 9. maí voru fjórir verkamenn í frystitækjum (þ.á.m. Bjarni) beðnir að vinna við kjötflutninga í frystiklefum á Kirkjusandi. Neituðu þeir allir, á þeirri forsendu að ákvæði í kjarasamningum kvæðu ekki á um að verksvið þeirra næði til slíkrar vinnu. Bjarni var þá kallaður fyrir yfirmennina, þar sem mótmælt var viðbrögðum verkamannanna og honum hótað með uppsögn. Bjarni hrindi þá í Dagsbrún, en enginn "ábyrgur" var viðlátinn (algengur hlutur á þeim bænum !). Lét hann liggja skilaboð um málið til stjórnarmanna og bað um að hann yrði látinn vita ef túlkun verkamanna á samningunum væri röng.

Síðan fór Bjarni til vinnu sinnar sem ekkert hefði ískorist. Kom þá aftur boð um að hann kæmi að máli við yfirmennina og var honum þá tilkynnt um tafarlausan brottrekstur. Ekki fékkst þessi boðskapur skriflegur en ljóst var að uppsögnin var kolólögleg. Annars vegar er ólöglegt að reka trúnaðarmann fyrir störf sín, hins vegar er ólöglegt að reka verkafólk almennt fyrirvaralaust fyrir litlar sakir.

Guðmundur J. lúrði á þessu ist til hennar fyrir en morguninn eftir. Þá hringdi Guðmundur J. og lét í ljós efasemdir um að verkamönnum væri stætt á að neita þessari vinnu. Síðar um daginn sagði Guðmundur svo að uppsögnin væri dregin til baka. Kvaðst hafa "beðið um frið" fyrir Bjarna. Ekki

Sjá bls. 2

Dagsbrúnarforystan svaf á málinu þennan dag og ekki heyrð-

Ísbjörninn Samstaðan færði sigur

Miðvikudaginn 3. maí lagði verkafólk Ísbjarnarins niður vinnu kl. 13.30 til að mótmæla því að stórlega vantaði upp á orlofsfé það sem verkafólkið átti að fá borgað í maí. Var krafist skýringa á hvers vegna fé vantaði. Eftir nokkurn tíma tókst að ná í einn eiganda fyrirtækisins og hélt hann fund með trúnaðarmönnum verkalýðsfélaganna, þar sem í ljós kom að fyrirtækið hafði borgað fé of seint til Póstgíróstofunnar (17. apríl í stað 14. apríl). Þessi seinkun þýddi það að fé átti ekki að koma til útborgunar fyrr en í júlí. Lofaði eigandinn að tala við yfirmann Póstgíróstofunnar föstudaginn 5. maí og fá þetta leiðrétt. Lofaði hann síðan að koma í hádeginu þann dag og skýra verkafólki frá niðurstöðum viðtalsins. Á þessum forsendum fór verkafólkið til vinnu sinnar. Hann kom hins vegar ekki í hádeginu þennan dag, eins og lofað hafði verið, og var þá farið að kvisast út að fólkið myndi leggja niður vinnu kl. 5 (vinna var áætluð til kl. 7) og mæta ekki aftur fyrr en þetta mál væri komið á hreint. En í kaffitímanum kom eigandinn og sagði að yfirmaður Póstgíróstofunnar hefði lofað að fé yrði borgað út um miðjan maí. Samþykkti verkafólkið það og var þar með málið leyst.

Verkalýðsblaðið náði tali af verkamanni í Ísbirninum og sagði hann að alger samstaða hefði verið um verkfallið. Aðeins væri hægt að þakka verkfallinu og hinni góðu samstöðu fyrir árangurinn.."Þetta verkfall sýnir það að eigin baráttа og það að treysta á eigin krafta , er það eina sem getur fært okkur árangur" sagði hann. Hann vildi einnig bæta við nokkrum gagnrýnisatriðum á fram kvæmd verkfallsins. Í fyrsta lagi hefði tiltölulega lítill hópur tekið ákvörðunina um verk fallið og hún síðan látin ber ast út. Sjálfur hafði hann nánast heyrt um það af tilviljun. Betra hefði verið að halda t.d. fund þar sem ákvörðunin væri sameign verkafólksins. Tryggði það bæði enn betri samstöðu og betri baráttuanda.

Sjá baksíðu

Akureyri 40 sagt upp í SÍS verksmiðjunum

Um síðustu mánaðarmót fengu nær 40 konur á kvöldvakt Sambands-verksmiðjunnar Heklu á Akureyri uppsögn úr starfi með tveggja mánaða fyrirvara. Heyrst hefur að fleiri uppsagnir kunni að vera í bígerð á verksmiðjunum, en eins og Vbl. hefur skýrt frá, var 23 verkamönnum sagt þar upp starfi í febrúar. Þá sagði Jón Ingimarsson, form. Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri, að verksmiðjuforstjórar hafi lofað að segja ekki fleirum upp að svo stöddu (!) og að félagið gæti ekki sett fram "ákveðnar kröfur á meðan ekki bærist tilkynning um fleiri uppsagnir"!

Nú hefur sem sagt mun fleira fólki verið sagt upp og Vbl. slóð á þráðinn til Jóns á ný. Hann sagði forstjórana hafa "svikið gefin loforð", hins vegar hafði málið ekki verið tekið fyrir í forystu félagsins þegar þetta er skrifað. Ekkert ákveðið var hægt að hafa upp úr Jóni um það, hvernig bregðast ætti við þessum uppsögnum eða hvort ætlun forystu Iðju væri að sitja aðgerðarlaus, eins og við fyrri uppsagnir.

Hjörtur Eiríksson, forstöðumaður Iðnaðardeildar Sambandsins á Akureyri, sagði í samtali við Vbl. að ekki væri ljóst hvort uppsagnirnar kæmu til framkvæmda, en hann "vonaði að málið skýrðist fljótlega." Kvað hann orsakirnar "stórkostlega minnkuð viðskipti við Sovétríkin, bæði vildu Sovétmenn ekki kaupa framleiðsluna fyrir uppsett verð og einnig að þeir hefðu dregið kaup sín saman."

"Ef verkefni verða næg, þá munum við auðvitað reyna að flytja fólk á milli verksmiðja, þannig að sem flestir haldi vinnu hér," sagði Hjörtur.

Sjá bls. 2

SÖFNUM 100 ÞÚS. FYRIR ERITREU

Sjá bls. 3



VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ÖRÖRÖNDUR ÖLLUM ÁLFUM LANDA SAMEINIST!

„Olíubannið":
Meiri skrípaleikur!

Enginn gengur nú vasklegar fram en stéttasamvinnuforystan sjálf í því að sanna orð kommúnista um hana.

Svo dæmalausar eru seinustu aðgerðir Iðju og Verkamannasambandsins. Forysta Verkamannasambandsins setur á tímasett innflutningsbann á olíu, en þó er fyrirfram ljóst, að olíu og bensínbirgðir í landinu duga fram yfir banntímann! Stjórn Iðju setur á einsdags verkföll, tilkynnt með góðum fyrirvara - nokkuð sem skaðar atvinnurekendur ekkert, en sviptir verkafólkið hýrunni. Einhvern tíma hefði svona lagað verið kallað að skemmta skrattanum. Einkunnin, sem verkafólk gefur þessum aðgerðum verkalýðsforystunnar er: Þær eru tilgangslausar og ef eitthvað er, gagnast þær frekar auðvaldi en verkalýð.

EIK(m-l) hafa oft haldið því fram áður, að aðgerðir sem stéttasamvinnuforystan skipuleggur, geti ekki verið árangursríkar fyrir verkalýð. Stéttasamvinnuforystan er ósættanlegur ándstæðingur verkafólks, hvort sem hún birtist í gervi Guðmundar J. Alþýðubandalagsmanns eða Guðmundar H. Garðarssonar Sjálfstæðismanns. EIK (m-l) leggja sem fyrr ríka áherslu á að ein höfuðforsenda árángursríkrar baráttu er að verkafólk sjálft hafi yfirstjórn hennar með höndum.

Tök stéttasamvinnuforystunnar eru víðast mjög sterk á stéttarfélögunum. Hið sama er þó ekki að segja um marga vinnustaði. EIK(m-l) hvetja því baráttusinna til að reyna að vinna upp samstöðu á sínum vinnustöðum til baráttu gegn sífelldu kjararáni ríkisvalds og atvinnurekenda. Í stað skrípaleiks Iðjuforystunnar hvetjum við til fyrirvaralausra verkfalla, sem komið verði á þegar baráttustaðan er hagkvæmust að mati fólksins sjálfs.

EIK(m-l) leggja til að kjarakrafan sem lögð verði til grundvallar í þessari baráttu verði:

150 þús. kr. lágmarkslaun fyrir dagvinnu og það strax!

EIK(m-l) hvetja fólk til að ræða þessi mál, kanna baráttuleiðir og horfur á samstöðu.

Til baráttu gegn auðvaldi og stéttasamvinnu!

Endurreisum stéttarfélögin sem baráttutæki!

150 þús. kr. lágmarkslaun fyrir dagvinnu!

Pólitísk ...

Frh. af forsíðu

könnuðust forstjórarnir við þetta, sögðu uppsögnina í fullu gildi, en B.J. gæti verið áfram með því skilyrði að "valda ekki óróa á vinnustaðnum"! "Við viljum allt fyrir Guðmund J. og Þórunni Valdimarsdóttur gera" sögðu forstjórarnir.

Þegar Vbl. hafði síðast samband við B.J. sagðist hann ekki vita hvort hann væri brottrækur eða ekki, en ekkert hafði verið gert til að koma honum burt með valdi. Bjarni tók fram að hann og félagar hans hafi gert villu með því að neita að vinna í kjötinu, en það réttlætti á engan hátt hótanir með brottrekstri - sem aðeins væri beint gegn sér.

"Ég get ekki skilið þessar hótanir öðru vísi en pólitískar ofsóknir gegn mér. Þeir sögðu t.d. við mig að "gott væri að losna við svona óróaseggi af vinnustaðnum" sagði Bjarni. "Eða hvers vegna er aðeins ég tekinn út úr hópnum og hótað með brottrekstri?"

Baráttan harðnar

Ljóst er að baráttan almennt á ísl. vinnustöðum fer nú mjög harðnandi með vaxandi kreppu auð valdsskipulagsins. Kirkjusandsfrásagnirnar eru dæmi um það.

Framkoma Dagsbrúnarforystunnar gagnvart verkafólki á Kirkjusandi undanfarið: Afskiptaleysi af baráttu verkafólksins og makk við atvinnurekendur, hafa hjálpað til að afhjúpa stéttasamvinnustefnuna sem einkennir störf ASÍ-forystunnar. Stefnan sú er fólgin í því að barátta verkafólksins er sniðgengin og svikin, en staðið vörð um gróðahagsmuni atvinnurekenda. Gegn þessu gildir það eitt að efla endurreisn verkalýðsfélaganna til baráttu!

40...

Frh. af forsíðu

KREPPUUPPSAGNIR

Sambandsverksmiðjurnar eru eini stóri vinnustaðurinn á Akureyri þar sem konur geta unnið kvöldvakt og slíkt er hagstætt vegna þess hörmungarástands sem er í dagvistarmálum á Akureyri. Dökkt útlit er því hjá mörgum ef þessar uppsagnir koma til framkvæmda.

Uppsagnirnar á Akureyri eru merki um mjög harðnandi kreppuástand í auðvaldsheiminum, að Sovétríkjunum ekki undanskildum. Þegar kreppir að , þá er verkafólki sagt upp störfum og konur eru venjulega efstar á uppsagnarlistum atvinnurekenda. Framkoma forystu Iðju í þessum málum er neðan við allar hellur, en hins vegar hagstæð Sambandsforstjórunum. Dautt verkalýðsfélag með "þægri" forystu er þeim að skapi en verkafólki til ills. Auðvaldið á sjálft að bera sína kreppu og verkafólkið á sér þau grundvallarmannréttindi að halda vinnu. Hér verður að bindast samtökum og hrinda atlögunni gegn verkafólkinu á Akureyri og þegar út í hörkuna er komið mun fljótlega koma í ljós hvort Jón Ingimundarson og félagar sitja vina- eða óvinamegin borðsins.

GEGN KREPPUUPPSÖGNUM!
ENDURREISUM STÉTTARFÉLÖGIN TIL BARÁTTU!

Berhanu Kifle frá Eritreu: "Eritrea mun sigra!"

Um síðustu mánaðarmót kom hingað til lands Berhanu Kifle fulltrúi frelsishreyfinga Eritreu í boði EIK(m-l) og Verkalýðsblaðsins. SAMFYLKING 1. maí bauð honum að tala á fundum sínum 1. maí, og síðan hélt EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið fund um Eritreu í Félagsstofnun stúdenta 3. maí, þar sem fólki gafst kostur á að fræðast um eritreíska byltinguna. Hér á eftir fer viðtal Verkalýðsblaðsins við félaga Berhanu Kifle.

Sameining ELF og EPLF mikill sigur

Vbl.: Nú hefur náðst mikill árangur í eritreísku byltingunni með sameiningu tveggja stærstu frelsishreyfinga landsins, ELF og EPLF. Getur þú frætt okkur eitthvað nánar um sameiningarmálið?

- Það hefur lengi verið unnið að sameiningu, því eritreíska byltingin og alþýðan kröfðust þess. Oft voru haldnir sameiginlegir fundir. Einingartillaga ELF var: ein pólitísk forysta, einn þjóðfrelsisher og ein pólitísk stefnuskrá. Einingartillaga EPLF var lágmarksgrundvöllur: tvær pólitískar forystur, einn frelsisher og einn pólitískur stefnugrundvöllur.

Það er rétt að taka það fram að ekki var hugmyndafræðilegur ágreiningur sem skildi hreyfingarnar að.

Þær klofnuðu hvor frá annarri fyrst og fremst vegna skipulagslegra árekstra. Þá hefur tilvera tveggja fylkinga ekki byggst á þjóðflokkamismun, svæðamismun eða trúarlegum mismun.

Þann 20. október á síðasta ári náðist samkomulag með fylkingunum tveim um að þær sameinuðust og mynduðu eina fylkingu, Þjóðlegu lýðræðisfylkinguna. Samkomulagið tók gildi 16. mars síðast liðinn.

Sameiginleg pólitísk stefnuskrá er:

1. Að trúa á þjóðlegt sjálfstæði Eritreu; að berjast gegn nýlendustefnu Eþíópíu, heimsvaldastefnu og síonisma;

2. Berjast gegn öllu innlendu afturhaldi sem vill veikja einingu eritreísku þjóðarinnar og arðræna og kúga hana með því að auka á héraðaskiptingu og trúarlegt óheilbrigði þjóðfélagsins;

3. Berjast gegn öllum erlendum öflum, sem hafa áhrif á samkennd og einingu eritréísku þjóðarinnar;

4. Verja lýðréttindi fjöldans.



Félagi Berhanu Kifle talar á fundi SAMFYLKINGAR 1. maí.

5. Berjast fyrir styrkingu einingar eritreísku þjóðarinnar og

6. Efla samskipti eritreísku byltingarinnar við öll framsækin öfl í heiminum og þjóðfrelsishreyfingar.

Í dag höfum við því eina pólitíska stefnuskrá, eina æðstu pólitíska forystu, sameiginlega hermálanefnd, sameiginlega upplýsinganefnd, sameiginlega utanríkisþjónustu, sameiginlega efnahagsmálanefnd og sameiginlega félagsmálanefnd.

Að sex mánuðum liðnum verður haldið þjóðþing, þar sem formaður hreyfingarinnar verður kosinn og tekur þá sameining hreyfinganna tveggja formlega gildi, þó þær séu nú þegar farnar að starfa sem ein hreyfing.

98% landsins frelsað

Vbl.: Hvernig gengur uppbyggingin á frelsuðu svæðunum?

- Nú höfum við frelsað 98% landsins. Aðeins borgirnar Massava, Asmara og Assab og landssvæði í kringum þær eru enn í höndum óvinarins. Við leggjum mikið kapp á að efla menntun, landbúnað og iðnað á frelsuðu svæðunum. Eritreíska þjóðin hefur þurft að þola langvarandi kúgun nýlenduherranna, og var hneppt í fjötra fátæktar og ólæsis. Þess vegna er baráttan gegn ólæsi og fyrir pólitískri skólun fjöldans ofarlega á blaði. Margir skólar hafa verið byggðir í því skyni, og höfum við nægan starfskraft til að sinna uppfræðslunni, en skortir ýmis kennslugögn.

Þá er heilbrigðisþjónusta mjög brýnt mál, og hefur mikill árangur á því sviði náðst. Nú eru rúmlega 50 sjúkrahús og sjúkraskýli starfrækt, sem veita alþýðunni þjónustu sína. Lyf og hjúkrunargögn eru af skornum skammti, en við höfum fengið aðstoð á þessu sviðifrá Alþjóða Rauða krossinum og Hjálparstofnun kirkjunnar. Við höfum hins vegar mikið hjúkrunarlið - m.a. eru þar Eritrear sem hafa snúið heim til að taka þátt í uppbyggingunni, bæði frá Eþíópíu og öðrum löndum.

Hvað varðar atvinnuuppbygginguna, hefur mest áhersla verið lögð á landbúnaðinn, þar sem u.þ.b. 90% þjóðarinnar eru bændur. Samyrkjubú hafa verið mynduð, og mikil áhersla er lögð á samvinnu á öllum sviðum. Einnig hafa verið settar á stofn litlar verksmiðjur á sviði vefnaðar- og matvælaframleiðslu. Þá hafa miklar umbætur verið gerðar á vegakerfi landsins, og í uppbyggingu borga sem hafa orðið illa úti í sprengiárásum Eþíópíu. Tækniþekking okkar hefur aukist og er hún m.a. notuð til að endurbæta vopn, bíla og önnur hergögn frá óvininum, og allt járn er notað.

Meirihluti vopnanna eru sovésk og bandarísk

Vbl.: Hvaðan koma þau vopn sem notuð eru í frelsisstríðinu?

- Meirihluti okkar vopna koma frá Eþíópíu, bæði sovésk og bandarísk, þ.e. þau vopn sem við höfum náð frá óvininum. Þau hafa gefist nokkuð vel, en loftvarnabyssur okkar eru þó ekki nógu góðar. Þó náðum við að skjóta niður eina af sovésku MIG-þotunum og tókum við flugmanninn til fanga. Hann var frá Suður-Jemen. Við höfum einnig tekið kúbanska stríðsfanga, og er það sönnun þess að bæði kúbanskir og s-jemenskir málaliðar taka þátt í árásum Sovétmanna og Eþíópa á okkur. Nú eru meira en 3000 kúbanskir og s-jemenskir málaliðar í Eritreu. Þeir eru verkfæri í höndum Sovétríkjanna. Áður fyrr voru margir Eritrear í flugher Eþíópíu, en er frelsisstríðið hófst, voru þeir allir skotnir, svo þeim tækist ekki að flýja og verða eritreísku byltingunni að gagni.

Eritreískir hermenn frelsishreyfingarinnar. Alþýða Eritreu er ákveðin í að frelsa land sitt að fullu, og veit að hún mun sigra.

Margir eþíópískir stríðsfangar eru í okkar höndum. Við förum vel með þá og reynum að uppfræða þá. Þeir verða þá velviljaðir í garð Eritreu og gera sér grein fyrir að þeir eru aðeins verkfæri í höndum Mengistus. Við förum ekki með þá eins og fasíska herforingjaklíkan fer með sína fanga. Við höfum mörg dæmi um það að hún beiti jafnvel 16 ára unglinga hinum grimmilegustu pyntingum.

Stórsókn óvinarins í vændum

Vbl.: Hvers er að vænta af óvinunum í næstu framtíð?

- Nú undirbýr Eþíópía, studd af Sovétríkjunum og kúbönskum og s-jemenskum málaliðum, stórsókn á hendur eritreísku þjóðinni. Verið er að byggja stóran herflugvöll nálægt landamærunum. Innan landamæranna er óvinurinn algerlega einangraður við þær þrjár borgir sem enn eru í þeirra höndum. Þessi sókn þeirra mun verða þeim erfið, þrátt fyrir fullkomin vopn því landið er fjöllótt og erfitt yfirferðar. Þá er alþýða landsins við þessu búin og mun veita eritreísku byltingaröflunum allan sinn stuðning.

Eþíópía og Sovétríkin hafa skipulagt loftárásir á þorp, sjúkrahús og skóla á frelsuðu svæðunum í langan tíma. Tilgangur þeirra er að brjóta niður baráttuþrek þjóðarinnar og eyðileggja uppbygginguna. En óvininum mun ekki takast þetta, því það er fólkið sjálft sem skipuleggur uppbygginguna og það mun verja hendur sínar. Þjóð sem hefur verið lengi kúguð af nýlendustefnu og heimsvaldastefnu mun ekki láta frelsi sitt. Þess vegna lætur hún ekki bugast.

Vbl: Hvernig er daglegt líf hjá fólki sem sífellt á yfir höfði sér árásir óvinarins?

- Daglegt líf fólksins á frelsuðu svæðunum er rólegt, það lætur ógnir óvinarins ekki setja sig úr jafnvægi - það veit að það vinnur.

Konur taka fullan þátt í baráttunni

Vbl.: Hvernig er þátttöku kvenna í frelsisbaráttunni háttað?

- Konur hafa allt frá byrjun tekið fullan þátt, bæði í vopnuðu baráttunni og í uppbyggingunni. Í Eritreu er stór kvennahreyfing, sem nýlega hélt landsþing sitt. Eri-

KOSNINGADREIFIRIT.

Bls. 3-6 eru prentaðar í stóru upplagi til fjöldadreifingar. Lesendur geta fengið send eintök til dreifingar. Lesendur úti á landi eru sérstaklega beðnir um að dreifa kosningariti EIK(m-l).

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!
Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

Skilum auðu í alþingiskosningunum!

Alþingiskosningar nálgast og atkvæðaveiðarnar eru komnar í algleyming. "Hægri eða vinstri stjórn?" er spurt og þingsalaflokkarnir gefa í skyn að þessi atkvæðagreiðsla skipti sköpum varðandi almannahag og stjórnarfarið í landinu. Sjálfstæðisflokkur og Alþýðubandalagið segjast fylgja andstæðum stefnum og vissulega er málflutningur þeirra í ýmsu ólíkur. En Einingarsamtök kommúnista (marx-lenínista) segja: Hvorki hægri eða "vinstri" stjórn þingsalaflokkanna er neinn valkostur fyrir alþýðu. Skilum auðu að þessu sinni!

AUÐUR SEÐILL ER AFSTAÐA

Kommúnistar hvetja fólk til að taka þátt í kosningunum. Um leið hvetjum við fólk til að skila auðu. Hvernig fær þetta staðist? Er einhver munur á því að skila auðu og því að taka ekki þátt, sitja heima?

Jú, á því er reginmunur.

Að sitja heima er yfirlýsing um að kosningarnar komi manni ekki við. Að skila auðu er yfirlýsing um að maður vilji ekki styðja neinn þeirra lista sem í framboði eru.

Að sitja heima er yfirlýsing um áhugaleysi á stjórnmálum landsins. Að skila auðu er þátttaka.

Að sitja heima er að taka ekki afstöðu til borgaralegs þingræðis og borgaralegra flokka. Að skila auðu er að taka afstöðu gegn borgaralegu þingræði og borgaralegum flokkum.

Þess vegna beinum við því til þín, lesandi góður:

- að þú farir á kjörstað og takir afstöðu gegn þeim framboðum sem um er kosið - skilir auðu.
- að þú hvetjir vinnufélaga þína, kunningja, vini og skyldfólk til að gera það sama.
- að þú aðstoðir fólk sem þess þarf til að fara á kjörstað til að skila auðu.
- að þú notfærir þér þann aukna áhuga á stjórnmálum sem kosningar hafa í för með sér til að vinna baráttustefnu fylgi.
- að þú minnist þess að EIK(m-l) eru einu pólitísku samtökin sem í raun vilja berjast gegn borgaralegu þingræði og gera eitthvað til þess.
- að þú athugir að Verkalýðsblaðið er eina pólitíska málgagnið sem berst gegn öllum borgaralegum flokkum og samtökum.
- að þú munir að Októberforlagið er eina íslenska útgáfufyrirtækið sem hafnar borgaralegum bókmenntum, bæði á sviði bókmennta og lista.

Verkafólk -

Köstum ekki atkvæðum okkar á glæ - kjósum ekki andstæðinga okkar - skilum auðu!

Styðjum EIK(m-l), Verkalýðsblaðið og Október-forlagið!

Eflum baráttuna - næst bjóðum við fram

Íslenskir kommúnistar og framfaramsækinn verkalýður berst gegn þeim loddaraleik sem borgaralegt þingræði felur í sér. Gegn þessu þingræði er hægt að berjast m.a. á tvo vegu:

Annars vegar með því að skila auðu, eins og við gerum nú - bjóða ekki fram en taka þátt í kosningabaráttunni.

Hins vegar með því að bjóða fram lista kommúnista, e.t.v í samfylkingu með öðrum framsæknum verkalýð, með það að markmiði að sýna fram á gagnsleysi þingræðisins, bæði í kosningabaráttunni og innan þings, þegar því stigi er náð.

Hvers vegna veljum við fyrri kostinn nú? - Vegna þess að íslensk hreyfing kommúnista er ung og óreynd. EIK(m-l) eru aðeins þriggja ára og lítt reynd í starfi meðal verkalýðs

Vegna þess að kommúnistar hafa ekki fengið nægilegan tíma til að kynna og berjast fyrir stefnu sinni meðal verkafólks. Stefna EIK(m-l) er ennþá ókunn fyrir stórum hluta íslensks verkafólks.

Vegna þess að baráttustefnan meðal íslensks verkalýðs hefur enn ekki náð að aðgreina sig nægilega vel frá ýmsum samtökum og klíkum hentistefnumanna og falssósíalista. Alltof margir álíta að einhver skyldleiki sé með svikapólitík "KFÍ/ML", uppgjafar- og ævintýrastefnu Fylkingarinnar og baráttustefnu EIK(m-l). Vegna þess að mannafli okkar baráttufúss verkafólks er enn ekki nægilega mikill til að óhætt sé að birta og auglýsa svo stóran hóp sem framboðslistar og meðmælendalistar krefjast.

Nú er árið 1978. Fyrir lok næsta árs verður búið að stofna raunverulegan verkalýðsflokk á Íslandi, flokk sem berst fyrir hagsmunum verkafólks, verður brjóstvörn þess og beitt asta vopn. Þessi flokkur mun taka forystu í stéttabaráttunni, brjóta niður og eyða stéttasamvinnu núverandi verkalýðsleiðtoga, leiða íslenskt verkafólk og aðra alþýðu til baráttu fyrir sósíalisma á Íslandi. Til þess að þessi flokkur megi verða til á þeim tíma sem við höfum sett okkur, þarf margt að gerast. Kommúnísk hreyfing þarf að eflast að mannafla og pólitískum styrk, öðlast nánari tengsl við íslenskan verkalýð, verða hluti af því blóði sem rennur um æðar hans, þess svita sem sprettur út á honum við vinnu sína. Fyrir tilstilli okkar, verkamenn og verkakonur, mun hér á næstu árum rísa sterkt afl kommúnískrar baráttustefnu.

Næstu Alþingiskosningar verða að fjórum árum liðnum. Kannski fyrr. Gerum það að takmarki okkar að taka fullan og öflugan þátt í þeim kosningum, bjóða fram lista sem berst fyrir hag verkalýðs og flettir ofan af þingræði auðstéttarinnar. Félagi verkamaður, félagi verkakona, sjáum til þess að hinn vinandi maður eigi einhvern raunverulegan valkost í næstu kosningum, valkost baráttustefnunnar, valkost byltingarstefnunnar!

En til þess þarft þú að koma til liðs við okkur.

Fram til stofnunar kommúnistaflokks íslensks verkalýðs fyrir árslok 1979!

Eritreu-söfnun

Þjóðfrelsisöfl Eritreu horfast nú í augu við væntanlega stórsókn eþíópísku nýlenduherranna og hjálparmanna þeirra, Sovétmanna og Kúbumanna. Nú þegar hefur Eþíópíustjórn aukið grimmilegar loftárásir á þorp og bæi Eritreu. Kúbanskir og Suður-jemenskir flugmenn myrða þúsundir og aftur þúsundir með ísraelskum og sovéskum napalm- og flísasprengjum.

Í réttmætu þjóðfrelsisstríði gegn Eþíuópíu og auðdrottnunarstefnu (heimsvaldastefnu) Sovétríkjanna er Eritreum margs vant. Þeir ráða nú 98% lands síns og þarfnast kennslutækja, hjúkrunargagna o.fl. - en vopn sín hirða þeir aðallega af fjandmönnunum.

EIK(m-l) hafa ákveðið að gangast fyrir fjársöfnun til frelsisfylkinganna ELF og EPLF í Eritreu. Verður leitað til einstaklinga, safnað á götum úti, leitað til stéttarfélaga og annarra samtaka. Þeir sem senda vilja fé eða stuðningsyfirlýsingar noti pósthólf 5186, 125 Reykjavík eða gíró 12200-9 og merki sendinguna "Eritrea". Einnig er unnt að senda fé beint til t.d. EDYU/ELF Boks 80, Blindern Oslo 3 í Noregi.

Markmiðið er: 100.000 kr. fyrir 1. september!

Lengi lifi ELF og EPLF - styðjum þjóðfrelsisöfl Eritreu!

Eritrea mun sigra!

Framkvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l) 5. maí 1978.

90
80
70
60
50
40
30
16

100 ÞÚS.

OUR JUST STRUGGLE WILL WIN
VÁR RETTFERDIGE KAMP VIL VINNE

FYRIR ERITREU

Skilum auðu í alþi

Alþingiskosningar nálgast og atkvæðaveiðarnar eru komnar í algleyming. "Hægri eða vinstri stjórn?" er spurt og þingsalaflokkarnir gefa í skyn að þessi atkvæðagreiðsla skipti sköpum varðandi almannahag og stjórnarfarið í landinu. Sjálfstæðisflokkur og Alþýðubandalagið segjast fylgja andstæðum stefnum og vissulega er málflutningur þeirra í ýmsu ólíkur. En Einingarsamtök kommúnista (marxlenínista) segja: Hvorki hægri eða "vinstri" stjórn þingsalaflokkanna er neinn valkostur fyrir alþýðu. Skilum auðu að þessu sinni!

Borgaralegt þingræði

Á Íslandi er borgaralegt þingræði. Reynsla verkalýðsstéttarinnar og þjóðfélagsvísindi hennar, marx-lenínisminn, hafa sýnt hvert eðli og innihald hins borgaralega þingræðis er: Það veitir alþýðu ákveðin pólitísk réttindi, t.d. kosningarétt en réttindin eru þó það takmörkuð að þau breyta við flestar aðstæður engu um meginvaldaskipan í þjóðfélaginu. Hún er alræði auðstéttarinnar byggt á launaþrælkun verkafólks. Borgaralegt þingræði er því stjórnmálaform auðvaldsþjóðfélagsins. Það er stéttbundið lýðræði, sniðið eftir þörfum ríkjandi auðstéttar.

Þingræði er aðeins hið formlega stjórnarfar á Íslandi og Alþingi hin formlega valdamiðstöð. Í auðvaldsríkinu Íslandi ræður auðstéttin í krafti fjármagnsins. Með lögreglu sinni, dómstólum og embættismannakerfi tryggir hún völd sín og treystir ennfremur á bandarískt hervald. Og marx-lenínisminn slær föstu, að með slíku ríkisvaldi verði landi aldrei stjórnað 'fyrir alþýðuna'. Alþingi er fyrst og fremst rifrildisvettvangur fyrir þingflokkana. Alþingi leggur þó blessun sína formlega yfir ákvarðanir sem embættismannakerfið, stofnanir og leiðtogahópar stjórnarflokkana hafa tekið. Embættismannakerfi ríkisins, auðhringar á borð við SÍS, Flugleiðir og bankar svo sem Seðlabankinn eru því ótvírætt meiri valdastofnanir ern Alþingi.

Auðstéttin óskar þess helst að pólitísk átök í þjóðfélaginu fari sem mest fram innan ramma þings og kosningabrölts. Hún óttast skipulagsstyrk verkalýðs og alþýðu - fjöldabaráttu alþýðunnar sjálfrar - að sjálfsögðu utan þingsalanna. Þeir flokkar sem gera þingpallana að aðalstarfsvettvangi sínu, gegna hver á sinn hátt því hlutverki að viðhalda íslenska auðvaldsskipulaginu. Undir þetta falla allir flokkarnir á Alþingi nú.

Flokkar stórauðvaldsins

Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur hafa um langt skeið verið stærstu stjórnmálaflokkar landsins.

Sjálfstæðisflokkurinn byggá "samstarfi stéttanna" en lýtur stjórn einokunarauðvaldsins. Í flokknum eru saman komnir flestir atvinnurekendur, æðri embættismenn og stjórnendur auðhringja í landinu. Flokkurin stendur í forystu fyrir því að velta kreppubyrðum á vinnandi alþýðu landsins og beitir hvers kyns afturhaldsaðgerðum til þess að vernda gróða og hag atvinnurekenda.

Framsóknarflokurinn á nokkrar rætur meðal bænda, byggir á "samvinnuhugsjón", en lýtur stjórn þess hluta atvinnurekenda og auðhringja sem mynda SÍS og aðra hringi.

Flokkurinn sker sig í engum umtalsverðum atriðum frá Sjálfstæðisflokki, enda hagur atvinnurekenda á heildina litið sá sami.

Báðir flokkarnir eru hluti af stjórnarkerfi stórauðvaldsins á Íslandi og sækja verulegt fylgi til borgarastéttar og smáborgarastéttar (millistétta). Hvorugur er neinn valkostur baráttufúss verkafólks, bænda og annarra er ekki lifa af annarra vinnu.

Flokkar verkalýðsins

Raunverulegur verkalýðs-

"Hugmyndafræðilegt og pólitískt innihald kosningabaráttunnar og einstakra málamiðlana verður að vera það að skýra kenningar sósíalismans og sjálfstæðar kröfur sósíaldemókrata í byltingarbaráttunni, bæði hvað varðar takmark byltingarinnar og hvernig og með hvaða aðferðum því verði náð." (V.I. Lenín)

Kosningar til þjóðþinga gefa auðvaldinu lýðræðislega ásýnd. En þær eru eingöngu kosningar um það hvaða flokkur skuli stjórna ríkisvaldinu, tæki einokunarauðvaldsins til að viðhdala yfirráðum sínum yfir vinnandi alþýðu. Kosningar í auðvaldsþjóðfélagi snúast í stuttu máli um það "að ákveða á nokkurra ára fresti hver úr hinni ráðandi stétt skuli vera fulltrúi og böðull alþýðunnar." (Marx)

"Ég veit að í mörgum kapitalískum löndum stýra stærstu bankarnir stjórnvöldum, þrátt fyrir að í þessum löndum séu "lýðræðislega kosin" þing. Þingmennirnir fullyrða að þeir sjálfir ráði yfir stjórninni. En í reynd eru það þannig að stærstu fjármagnssamsteypurnar ákveða fyrirfram samsetningu stjórnanna og stýra störfum þeirra.

Allir vita að það eru ekki til nein kapitalísk "stjórnvöld" sem geta myndað ráðuneyti í blóra við vilja þeirra sem ráða yfir fjármagninu. Þeir þurfa aðeins að beita fjárhagslegum þrýstingi - og ráðherrarnir fljúga úr stöðum sínum eins og þeir hafi brennt sig. Þetta er raunveruleg stýring á stjórninni - af hálfu bankanna, gagnstætt formlegu eftirliti þingsins." (J. Stalín)

"Sósíaldemókratar líta á þingræðisleiðina (þátttöku í fulltrúaþingum) sem eina af leiðunum til að upplýsa og skóla verkalýðinn og skipuleggja hann í flokk stéttarinnar, sem eitt af tækjunum í pólitísku baráttunni fyrir frelsun verkalýðsins Þessi marxíska afstaða skilur sósíaldemókrata í grundvallaratriðum frá borgaralegum lýðræðissinnum annars vegar og anarkistum hins vegar. Þeir fyrrnefndu líta á þingræðisleiðina sem "sjálfsagða" og hina einu eðlilegu og löglegu leið til að stjórna ríkinu og þeir afneita stéttabaráttunni og stéttareðli nútíma þingræðisskipulags. Borgarastéttin reynir með öllum ráðum og við sérhvert tækifæri að slá ryki í augu verkamanna, til að hindra þá í að sjá að þingræðisskipulagið er kúgunartæki borgarastéttarinnar og tilgangur þess að hindra þá í að sjá sögulegar takmarkanir þingræðisskipulagsins. Anarkistar eru einnig ófærir um að meta rétt tímabundið hlutverk þingræðisleiðarinnar og afneita algerlega þessari tegund baráttu." (V.I. Lenín)

Stefnunni vex fiskur um hrygg!

Ástæða er til að fagna glæsilegum árangri Samfylkingar 1.maí í starfinu að aðgerðum í tilefni baráttudags verkalýðsins. Heildarúttekt á starfinu er verk félaga og stuðningsmanna hreyfingarinnar, og verður væntanlega gerð grein fyrir henni hér í blaðinu, þegar hún liggur fyrir.

Sé litið til baka, til 1.maí 1977, þá sést hvað baráttuhreyfingin hefur styrktst á aðeins einu ári. Í fyrra stóð Samfylking 1.maí að innifundi í Glæsibæ og sóttu hann um 150 manns. Í ár gengum við kröfugöngu, héldum úti- og innifund, auk kvöldskemmtunar. Andstæðingarnir hafa því ástæðu til þess að kvíða 1.maí að ári - við verðum fleiri þá.

DAGURINN TEKINN SNEMMA

Menn tóku daginn snemma 1. maí. Talsvert var um að velunnarar Samfylkingarinnar efndu til fjölmennra heimboða um morguninn og byðu gjarnan til sín fólki sem vitað var til að stóð stefnu hennar nærri, en sem gjarnan vildu ræða hana frekar til að mynda sér skoðun á henni. Urðu víða fjörugar og gagnlegar umræður yfir morgunmatnum og reyndust þessar morgunsamkomur afar eftirminnilegar og vel fallnar til eflingar félagslegrar samveru og skoðanaskipta. Reynið bara sjálf næst.

SAFNAST TIL KRÖFUGÖNGU

Upp úr kl. 13 fór fólk að safnast til kröfugöngu Samfylkingar í Rauðarárstíg. Skipulagður hópur baráttufólks var á staðnum og stjórnaði söng/hljóðfæraslætti og hrópum á vígorðum. Fjölgaði jafnt og þétt fram til kl. 14

Á Hlemmtorgi, rétt hjá okkur, var einnig stillt upp göngu fulltrúaráðsins. Yfirbragð hennar minnti frekar á líkfylgd en kröfugöngu. Þar heyrðist sungið "Blessuð sértu sveitin mín" og "Hlíðin mín fríða" á sama tíma og frá Samfylkingarmönnum heyrðist hrópað í takt: Eining á grundvelli stéttabaráttu! Talsverður pólitískur munur var þar á.

Upp við Búnaðarbankann dottuðu trotskistar Fylkingarinnar hver upp við annars öxl. Þeir bjuggu sig undir að rölta á eftir fulltrúaráðinu niður Laugaveginn með pínulítið "rauðari kröfur" en Guðmundur J. treystir sér til að halda uppi. Með Fylkingarliðinu gekk "garmurinn hann Ketill" - hópurinn sem kallar sig "Kommúnistaflokk Íslands". Með því að virkja þennan "Flokk", tókst Fylkingunni að manna 6 kröfuborða og 3 flögg, sem þeir voru að vandræðast með. Einhvers staðar í hópnum mátti líka greina blómann úr Rauðsokkahreyfingunni undir sínum sérkröfum. Þetta var því skrautleg og nokkuð fjölmenn halarófa. En fjarri því að vera nokkur kostur fyrir baráttufólk. Margir glæptust þó til að ganga í þessu samkrulli, sem betur hefðu átt heima hjá okkur - og munu skila sér síðar.

ÚTIFUNDURINN

Þegar ganga Samfylkingar 1.maí kom á áfangastað í miðbænum, taldi hún 300 manns. Nokkru fleiri komu á útifundinn. Þar flutti Brynja Óskarsdóttir, verkakona á Kirkjusandi, ágæta ræðu og sagði m.a. frá baráttunni á eigin vinnustað (sjá viðtal við Brynju í síðasta Vbl.). Berhanu Kifle frá Eritreu flutti ávarp og Sigurður Skúlason, leikari, flutti ljóðið "Til félaga Ermíasar í Eritreu" eftir Guðmund Sæmundsson.

Góður fundur í góðu veðri.

INNIFUNDURINN

Fundurinn í Tjarnarbúð var að margra áliti hápunktur dagsins. Þar var fullt hús (um 300 manns) og stemmning frábær, Einar Gunnarsson, formaður Félags járniðnaðarnema, flutti ræðu og talaði m.a. um nauðsyn baráttu gegn undanslætti og stéttasamvinnustefnu í verkalýðshreyfingunni. Helga Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi, talaði um alþjóðamál og lagði ríka áherslu á nauðsyn árvekni gagnvart og baráttu gegn stríðsstefnu risaveldanna. Björn Harðarson, stúdent í Háskólanum, flutti ávarp um námsmannabaráttuna og Berhanu Kifle talaði um frelsisbaráttu Eritreumanna. Þá flutti Sigurður Skúlason, leikari, ljóð og fluttir voru tveir leikþættir, undir stjórn Arnars Jónssonar. Síðast en ekki síst söng og lék hópur fólks úr Kór Alþýðumenningar nokkur lög.

Öll dagskráratriði hlutu frábærar undirtektir og má geta þess að á fundinum söfnuðust yfir 50 þús. krónur. Fundinum bárust margar kveðjur, m.a. frá

Um 300 manns voru á vel heppnuðum innifundi Samfylkingar 1.maí í Tjarnarbúð. Á myndinni hér að ofan sjást fundargestir rísa úr sætum og syngja Alþjóðasöng verkalýðsins. Á myndinni til hægri er verið að flytja leikþátt um svikatafl ASÍ-forystunnar og atvinnurekenda. (Mynd: Samfylking 1.maí)

námsmönnum í Osló og Bergen, herstöðvaandstæðingum í Kópavogi, Nemendaráði Iðnskólans í Hafnarfirði, EIK(m-l), jarð- og landfræðinemum í Háskólanum, Félagi járniðnaðarnema í Reykjavík, Íslendingahópi Faglig 1.mai front í Osló, stuðningsmönnum í Uppsölum o.fl.

KVÖLDSKEMMTUN

Um kvöldið bauð Samfylking 1.maí upp á kvöldskemmtun, þar sem fram kom Kór Alþýðumenningar, auk þess sem margir fleiri lögðu til gott menningarefni, sumt frumsamið.

Þá var haldið uppboð, sungið og dansað við undirleik harmóniku og plötuspilara. Á slaginu kl. 24 sleit formaður stjórnar Samfylkingar, Sumarliði Ísleifsson, samkomunni með stuttu ávarpi.

Þar með lauk árangursríkum baráttudegi verkalýðsins. Vel heppnaðar aðgerðir okkar sýndu svart á hvítu að stefnu okkar vex fiskur um hrygg - staðreynd sem er ánægjuefni, en jafnframt illbærilegur hausverkur fyrir auðvaldið og afturhaldið í verkalýðshreyfingunni.

ngiskosningunum!

flokkur - forystuafl, hluti stéttar sinnar og vaddur þjóðfélagsvísindum stéttarinnar - er ekki til nú á tímum á Íslandi.

Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur og Samtök frjálslyndra og vinstri manna eiga verulegt kosningafylgi meðal verkafólks og þeir stjórna meirihluta verkalýðsfélaganna. Þrátt fyrir yfirlýsingar um "sósíalisma" og "baráttu", skipuleggja þeir hvorki fjöldabaráttu né berjast fyrir sósíalisma í raun. Þeir flagga "gagnkvæmu trausti og samvinnu" verkalýðsins og atvinnurekenda.

Þeir boða ríkisrekstur, kosningar og eigin ríkistjórnir ranglega sem "skref til sósíalisma", þeir hlaða undir auðvaldið með "íslenskri atvinnustefnu" og verja ekki sjálfræði Íslands í raun. Flokkarnir byggja á borgaralegri verkalýðsstefnu - sósíaldemókratastefnu - og Alþýðubandalagið á fölsun marx-leníninsmans og beinum eða óbeinum stuðningi við Sovétríkin sem ekki eru lengur sósíalísk, heldur fasísk og heimsvaldasinnuð.

Þrátt fyrir innri mótsagnir og blæbrigði á stefnu hópa í þessum flokkum eru þeir - einkum þó Alþýðubandalagið - mikilvægasta pólitíska stoð auðvaldsins í verkalýðshreyfingunni.

Forystumenn þeirra eru orðnir hluti af tryggingarkerfi ríkjandi auðstéttar gegn alþýðunni með efnaleg fríðindi, embætti, pólitískan samvinnuvilja og bitlinga sem hæfa þeim.

Flokkarnir eru borgaralegir flokkar og ekki stuðnings verðir.

Loforðastefnan

Þingsalaflokkarnir keppast við að flagga vinsælum málum, gefa loforð og svíkja eftir kosningar. Samtímis deila þeir innbyrðis, rífast um eigið ágæti og kenna hvor öðrum um eigin mistök.

EIK(m-l) hafna skiptingu þingsalaflokkanna í "verkalýðs" og "borgaraflokka". Við tökum undir það sem æ fleira alþýðufólk segir og hugsar: "Þeir eru allir eins." Þeir 5 flokkar sem sitja á þingi eru allir borgaralegir flokkar.

Í ríkisstjórn er stefna þeirra allra gagnvart launafólki á eina lund: Saga kaupráns, valdníðslu, gengisfellinga og réttindaskerðingar á við þá alla sem einn.

Þeir eru allir málsvarar erlendrar heimsvaldaásælni í einhverri mynd, en enginn tekur afstöðu gegn báðum risaveldunum.

Þeir hafa allir þingsalina sem aðalstarfsvettvang, stunda loforðastefnu og keppast við að treysta eigin stöðu og hlaða bitlingum á gæðinga sína.

Alþýða landsins á þar engan fulltrúa og hafnar loforðum þeirra.

Afstaða kommúnista

Kommúnistar taka þátt í þingkosningum vegna þess:

Kosningabarátta er mikilvæg allri áróðursstarfsemi. Fjölmiðlar eru uppfullir af loforðum og formælingum eins flokks um stefnu annars. Fundarhöld eru mikil og jafnframt er kosningabröltið í heild fyrst og fremst pólitísk herferð borgarastéttarinnar.

Af þessum sökum er afar áríðandi að raddir kommúnista heyrist og mikilvægasta atriði kosningabaráttu þeirra er að efla fjöldabaráttuna en afhjúpa borgaralegt þingræði. Einnig nota kommúnistar - svo sem kjörfylgi leyfir - ræðustól Alþingis og kosningabaráttu til afhjúpunar á auðvaldsskipulaginu og til upplýsingastarfs fyrir sósíalismann. Loks er kosningaþátttaka liðskönnun fyrir kommúnista. Hún gefur mynd af fylgi þeirra - mynd af hversu stór hluti verkalýðs hefur tekið byltingarsinnaða afstöðu.

Kosningaþátttaka kommúnista getur verið tvenns konar: Annars vegar bjóða þeir fram eða hvetja fólk til að skila auðu. Hins vegar hvetja þeir kjósendur til að hundsa kosningarnar.

EIK(m-l) álíta það baráttufræðilegt atriði hvenær kommúnistar bjóða fram í kosningum á Íslandi og hvenær ekki. Staða og aðstæður ákvarða slíkt.

Nú eru útbreiddar hugmyndir meðal fólks um að kjósa ekki. Mikilvægt er að ná til þessa fólks með áróður samtakanna, en kosningarnar sem í hönd fara eru þær fyrstu sem kommúnistar hafa afstkipti af síðan 1937. Í starfinu og með stefnu sinni munu EIK(m-l) afmarka sig skarplega frá Alþýðubandalaginu og gagnslausum smáhópum á borð við Fylkinguna og "KFÍ/ML".

EIK(m-l) eru auk þess ung samtök sem enn hafa tiltölulega lítil tengsl við verkafólk. Þau opinbera heldur ekki mörg nöfn af sínu liði á meðan það er til tölulega lítið.

EIK(m-l) bjóða því ekki fram að þessu sinni; heldur hvetja kjósendur til þess að skila auðum seðli við atkvæðagreiðslu. Samtökin munu halda kosningafundi, dreifa dreifiritum og halda uppi málsvörnum fyrir verkafólk og aðra alþýðu eftir getu.

TIL BARÁTTU FYRIR VALDBYLTINGU OG SÓSÍALÍSKU ÍSLANDI!

GERUM STÉTTARFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM!

GEGN ERLENDRI ÁSÆLNI - GEGN BÁÐUM RISAVELDUNUM

(Yfirlýsing frá framkvæmdarnefnd miðstjórnar EIK (m-l))

"Í tíð þeirra breytilegu stjórnarhátta sem á eftir fylgdi var ríkisstjórnin sett undir þingræðislegt eftirlit, þ.e. eftirlit eignastéttanna. Annarsvegar breyttist hún nú í gróðrarstíu fjallhárra ríkisskuld ... og varð ... bitbein stríðandi flokksbrota og glæframanna innan ríkjandi stéttar. Hins vegar breytt ist pólitískt eðli hennar samfara efnahagslegum breytingum á þjóðfélaginu. Því meir sem framfarir nútíma iðnaðar mótuðust og breikkuðu og dýpkuðu stéttarandstæðurnar á milli auðmagns og vinnu, þeim mun meir fékk ríkisvaldið á sig svip valdatækis stéttar - opinbers valds til að kúga verkalýðsstéttina."
(Marx)

"Hvernig svo sem ríkisvaldi nútímans er háttað, er það fyrst og fremst valdatæki auðvaldsins, ríki auðherranna, allsherjarauðherrann sem fyrirmynd... Verkamenn verða áfram launamenn, öreigar. Kúgunaraðstaða auðmagnsins hverfur ekki; tök þess verður þvert á móti öllu fastari." (Engels)

"Loks er þess að geta að eignastéttin ræður beinlínis ríkjum í krafti hins almenna kosningaréttar. Meðan undirokaða stéttin - eða að þessu sinni verkalýðurinn - er ekki orðin nógu þroskuð til að frelsa sig sjálf, lítur meirihluti hennar þannig á, að ráðandi þjóðskipulag sé hið eina, er hugsast geti... En sem verkalýðsstéttin verður færari um að frelsa sig sjálf, kemur hún fram sem sérstakur flokkur og kýs sér sína eigin fulltrúa, sem eru ekki umboðsmenn auðvaldsins. Almenni kosningaréttur inn er þannig mælikvarði á þroska verkalýðsstéttarinnar. Hann getur aldrei orðið annað og meira í nútímaríkjum og mun ekki verða það. En það er líka nóg. Því að þann dag sem þessi mælir kemst á suðumark, vita bæði verkamenn og auðvald, hvað koma skal." (Engels)

Akureyri: Góður árangur, 50 á fundi Samfylkingar 1. maí

1. maí á Akureyri voru aðgerðir með tvennum hætti. Stjórnir helstu verkalýðsfélaganna héldu sameiginlegar aðgerðir í hátíðarskyni og héldu uppi mjög fjölbreytilegum kröfuspjöldum frá ýmsum tímum baráttunnar hér í bæ. Kjörorðagrundvöllur þessara aðgerða var enginn eða að minnsta kosti var hann galopinn í báða enda. Þarna sáust ganga sameinaðir undir merkjum stéttasamvinnupáfanna og alþjóðasambands trotskísta, allt frá framámönnum íhaldsins til foringja "Kommúnistasamtakanna marxistanna-leníninstanna (byltingarsinnanna)" sem eitt sinn störfuðu hér. Tilgangur verkalýðsforingjanna með þessum aðgerðum virtist ekki vera annar en að halda sína hefðbundnu hátíðarsýningu til að róa þá félagsmenn sem eru óánægðir með aðgerðarleysi félaganna í stéttabaráttunni. Þessi skrautlega sýning fór þannig fram að fyrst var stutt ganga þar sem á annað hundrað manns gekk í kjölfar lúðrasveitarinnar um miðbæinn og síðan var langur útifundur sem endaði með því að fundarmenn að undanskildum Jóni Helgasyni formanni Einingar yfirgáfu fundinn og leystist hann þar með upp.



Samfylking 1. maí hélt baráttufundi í Hvammi eftir úti fund verkalýðsfélaganna. Þar voru um 50 manns, húsið troðfullt og baráttuandi á hástigi ræður, söngur, hljóðfæraslátt ur leikþáttur, upplestur, kaffiveitingar o.fl. Menn beindu spjótum sínum gegn kjaraárásum ríkisvaldsins, stefnu ASÍ-forystunnar og öllum heimsvaldasinnum. Samþykkt var ein ályktun, á þessa leið:

"Fundur Samfylkingar 1. maí að Hvammi fordæmir harðlega uppsagnir þær á Gefjun og Heklu sem verkafólk hefur orðið fyrir frá stjórn SÍS-verksmiðjanna. Fundurinn skorar á stjórn Iðju, félag verksmiðjufólks, að halda þegar félagsfundi um málið og beita sér af hörku gegn uppsögnunum. Þá bendir fundurinn á dökkt útlit um vinnu fyrir t.d. skólafólk og lýsir því yfir að full vinna eru fyrstu mannréttindi."

Aðgerðir Samfylkingar 1. maí á Akureyri marka stórt skref fram á við í starfi okkar að því að vinna baráttustefnu fylgi meðal verkafólks meðan aðgerðir verkalýðsforystunnar eru aðeins staðfesting á uppgjafarstefnu þeirra gagnvart atvinnurekendum.

Fréttaritari

Alþýðubandalagið og Þjóðviljinn
Falskir vinir alþýðunnar

Alþýðubandalagið (AB) og Þjóðviljinn merkja sig rauðum fána verkalýðs og alþýðu. Hvort tveggja byggir á baráttuarfi framsækinna samtaka verkalýðs frá þriðja og fjórða áratugnum. Núna er það helst Morgunblaðið og "gamla" íhaldið sem viðhalda rauða litnum á AB og Þjóðviljanum. AB og Þjóðviljinn sverja sig vel í auðvaldsættina, enda er allt starf flokks og blaðs í anda auðvalds og ríkisvalds þess. Hér skulu tínd til örfá dæmi, sem lesendur eru beðnir um að íhuga þegar þeir meta afstöðu sína til AB og Þjóðviljans sem "verkalýðs- og alþýðusinnaðra baráttuafla", eins og þessir fjandar verkalýðssinnaðrar stefnu, marxisma og sósíalisma, kalla sig gjarnan á tyllidögum og þegar annars hentar.

AUKABLÖÐ Í ÞÁGU ATVINNUREKENDA.

Þjóðviljinn er að miklu leyti fjármagnaður af atvinnurekendum, auðstétt þessa lands. Fjármagnið kemur bæði beint úr ríkissjóði og frá atvinnurekendum, sem auglýsa í blaðinu og sem styrkja blaðið reglulega með fjárgjöfum. "Málgagn verkalýðsins" er háð fjármagni frá auðstéttinni!

Þjóðviljinn hefur ekki látið sitt eftir liggja til að greiða fyrir viðskiptum atvinnurekenda. Þegar braskarar og burgeisar hefja atvinnurekstur, er Þjóðviljinn mættur til að veita lesendum sínum upplýsingar um þessa "nýju þjónustu". Sé verkafólk í vandkvæðum á vinnustað sínum, sem iðulega kemur fyrir, er Þjóðviljinn vísfjarri.

Íslensk atvinnustefna. Hið mikla slagorð. Hvert er innihald þess? Þjóðviljinn gaf út stór og mikil aukablöð til stórdreifingar. Þráðurinn í þessum blöðum var blár. Reglan var viðtöl við atvinnurekendur og myndaseríur af þingmönnum og öðrum forsprökkum AB í heimsókn á vinnustað. Viðtölin við verkalýð voru vísfjarri, hvað þá hlutlæg greining á stöðu iðnverkafólks í auðvaldssamfélaginu íslenska. Aukablöð þessi voru uppfull af auglýsingum. Hverjum var ætlað að lesa þær? E.t.v. er iðnverkakonan á höttum eftir fiskleitartæki eða beitingarmaðurinn á Siglufirði á höttum eftir trollhlerum? Þá er Þjóðviljinn þeirra blað. En svo er ekki. Verkalýðurinn á Íslandi er ekki í leit að atvinnuverkfærum, heldur bættum kjörum. Auglýsingarnar í Þjóðviljanum voru ætlaðar atvinnurekendum. Ætlaðar þeim sem reka togara, iðnfyrirtæki o.s.frv. Þetta er einmitt innihaldið í stefnu AB og Þjóðviljans, sem kölluð er "Íslensk atvinnustefna". Verkalýðurinn jafn arðrændur, arðræningjarnir skulu heita íslenskir.

ÞJÓÐVILJINN OG AUTO 78.

Þegar iðnrekendur, heildsalar og allskonar braskaralýður sýnir dót sitt í Laugardalshöll eða annarstaðar, þá er Þjóðviljinn mættur og lætur þessu auðvaldsþýi í té heilsíðu eftir heilsíðu til að dásama söluglingur sitt. Síðasta dæmið um þetta var þegar bílainnflytjendur sýndu bíla sína í Reykjavík fyrir skömmu. Þar var Þjóðviljinn og við sem lesum hann af sömu skyldurækni og Morgunblaðið, fengum greinagóðar lýsingar á þessu lifibrauði bílainnflutningsbraskaranna. Þá var Þjóðviljinn þeirra þjónn, en ekki okkar.

AB OG BARÁTTAN.

Eins og allir flokkar falsmarxista, þ.e. manna sem kalla sig marxista en eru það ekki og vilja ekki vera það, af því það kostar fórnir og almúgalfferni, er AB eitt í orði og annað á borði. DÆMI: AB setur á stóra lúðurinn og bölsótast út í íhaldsstjórnina í Starfsmannafélagi Reykjavíkur (SR) í verkfalli opinberra starfsmanna. Lúðvík Jósepsson, skrifar Þjóðviljagrein af sinni afkunnu snilld og segir að allt leysist með AB - AB leysir öll verkföll og efnahagsvandamál! Vandinn er bara að það situr vitlaus ríkisstjórn í íslenska auðvaldskerfinu, það ætti auðvitað að vera AB-ríkisstjórn.

Þegar Lúðvík ritar sínar málglöðu greinar, er nokkuð sem heitir fortíð á bak og burt. Gamla brellan íhaldsins - tíminn læknar sárin eftir svikin - er líka notuð af Lúðvík og hans liði. AB í ríkisstjórn er í fyrsta lagi AB við stjórn á auðvaldsskipulaginu, þ.e. íslenska arðránskerfinu og í öðru lagi AB í þjónustu auðstéttа. Sú þjónusta er m.a. samþykkt að gefa auðherrum um land allt skuttogara til að braska með. Samningur við erlenda stórauðhringinn Union Carbide um þátttöku í byggingu stóriðju hérlendis. Undanslættur í landhelgismálinu. Samþykkt niðurfelling vísitölutryggingar kaups til verkafólks. Linkind og algert viljaleysi í baráttu gegn her í landi og NATO-aðild, o.s.frv.

AB í ríkisstjórn er talið margt til afreka, svo sem í heilbrigðismálum og málefnum aldraðra. Jú, víst er að ekki tekst auðvaldi að sporna við öllu, og þó AB hafi tekist að pota máli og máli fram, ætti það ekki að vera til frásagnar í gortstíl. Alþýðuflokkurinn gortaði sig af heimsins bestu tryggingum í tugi ára. Hinsvegar hefur sá flokkur aldrei verið sósíalískur flokkur, né heldur hefur AB verið slíkur. Báðir eru af sama sauðahúsi - borgaralegir verkalýðsflokkar. Slíkir flokkar og málgögn þeirra þjóna ævinlega borgarastéttinni þegar á heildina er litið. Sjónarspilið sem leikið er í baráttu innan þingveggja er fólgið í baráttu um það hver skuli stýra auðvaldssamfélaginu. Við sem erum marxistar viljum kollsteypa því og að því miðast öll okkar barátta, um leið og við berjumst fyrir því að verkalýðurinn og vinnandi alþýðan, sem skapar öll samfélagsverðmætin eignist stærri hluta þessara verðmæta og geti þannig bætt kjör sín og barátttugetu fyrir pólitískum völdum í samfélaginu.

Það borgar sig að berjast!

Verkalýðsblaðið hefur margoft bent á þá staðreynd að þá fyrst er sköpuð forsenda fyrir árangri í kjarabaráttunni þegar verkafólkið sjálft tekur stjórn eigin baráttu í sínar hendur - en hafnar forræði skriffinna og stéttasamvinnuforingja ASÍ. Mikilvægt er að vinna upp samstöðu um baráttustefnu á hverjum vinnustað, þar sem öflug barátta á vinnustöðunum sjálfum er alger forsenda fyrir því að byggja samtök alþýðunnar, stéttarfélögin, upp sem raunveruleg baráttutæki.

Verkalýðsblaðið hefur fregnað um þrjú tilfelli á vinnustöðum í Reykjavík, þar sem verkafólkið hefur sjálft gripið til baráttu gegn órétti - á einum stað í beinni andstöðu við forystufugla ASÍ. Alls staðar hefur unnist sigur, en mesti ávinningurinn er þó sá, að þessi (og mörg fleiri) dæmi sýna, að það borgar sig að berjast!

Verkalýðsblaðið hefur áður sagt frá Kirkjusands-málinu, þ.e. því þegar atvinnurekendur á Kirkjusandi ætluðu að reka úr starfi trúnaðarkonu Verkakvennafélagsins Framsóknar og aðra verkakonu til - fyrir þá sök að vilja ekki vinna yfirvinnu einn dag! Samstaða verkafólksins gegn þessari atlögu hratt henni fullkomlega. Samstaða Guðmundar J. Guðmundssonar og Þórunnar Valdimarsdóttur (formanna Dagsbrúnar og Framsóknar) með Kirkjusandsforstjórunum kenndi verkafólkinu hins vegar dýrmæta lexíu um stöðu þeirra fyrrnefndu og starf í forystu verkalýðshreyfingarinnar.

Í þessu tbl. er einnig sagt frá baráttu verkafólks í Ísbirninum gegn atvinnurekendum. Atvinnurekendur voru þar neyddir til þess með verkfalli að standa við þær skyldur sínar að greiða fólkinu orlof. Sigur vannst og reynslan af þessari baráttu mun örugglega styrkja stemninguna hjá verkafólki Ísbjarnarins þegar á reynir næst.

Þriðja dæmið um árangursríka baráttu á vinnustað er barátta starfsfólks á Alþýðublaðinu við að fá greitt kaup sitt. Samkvæmt upplýsingum Vbl. mun það fastbundið í kjara samningi blaðamanna, að kaup skuli greitt fyrsta virkan dag hvers mánaðar. 2. maí var ekkert kaup greitt á Alþýðublaðinu og komu blaðamenn þá í veg fyrir útkomu blaðsins daginn eftir. Ekkert blað kom út fyrr en 6. maí. Daginn áður höfðu atvinnurekendur greitt blm. 1/4 af mánaðarkaupi þeirra og lofað fullnaðargreiðslum mánudaginn 8. maí. Þann dag bólaði hins vegar ekki á greiðslum og var þá tekin ákvörðun á fundi blaðamanna um að stöðva útkomu blaðsins þar til peningarnir lágu á borðinu. Alþýðublaðið kom ekki út í marga daga vegna þessa, en fullur sigur vannst í málinu.

Sjálfsagt mætti tína fleiri dæmi til, en þessi eru þau nýjustu sem blaðinu er kunnugt um. Kjarni málsins er þá sá, að dæmin sanna, hvað svo sem forystulið ASÍ og BSRB segja, að barátta á vinnustöðum er ekki "vonlaus" heldur árangursrík, sé vel að henni staðið.

Í bókabúð Októberforlagsins, Óðinsgötu 30 í Rvík og við Hafnarstræti á Akureyri má finna ýmislegt lesefni til leiðbeiningar um verkalýðsbaráttu. Til dæmis má nefna stefnuskrá EIK (m-l), "Baráttuleið alþýðunnar" og nýlegt fræðslurit EIK(m-l) um verkalýðsmál: "Gerum verkalýðshreyfinguna að baráttuhreyfingu." Þá eru lesendur eindregið hvattir til að gerast áskrifendur að Verkalýðsblaðinu, því þar er stöðugt skrifað um vinnustaðabaráttuna - og það á annan hátt en nokkurt annað blað gerir. Við skrifum út frá stéttarafstöðu verkalýðsins og tölum máli hans!

Október

Frá Októberbúðinni Óðinsgötu 30

Nú höfum við mikið af góðum hljómplötum frá Sviþjóð.
Höfum ávallt úrval bóka á á Norðurlandamálum og úrval enskra bóka fer vaxandi.
Á íslensku höfum við að sjálfsögðu allt útgáfuefni Októberforlagsins og að auki talsvert af góðum bókum frá öðrum forlögum, þ.á.m. verk frumkvöðla sósíalismans.

Lítið endilega við einhvern tíma milli kl.5 og 7 á virkum degi eða milli kl. 1 og 3 á laugardegi.

Akureyri
Dagmæður stofna félag

Í febrúar s.l. stofnuðu dagmæður á Akureyri félag, fyrst og fremst til að samræma kauptaxta sína og gæta hagsmuna sinna á annan hátt. Vbl. hitti að máli Arnfríði Gunnarsdóttur og bað hana segja frá félaginu og starfi dagmæðra.

- Áður fyrr unnu konur lítið utan heimilis. Vinir og ættingjar gættu barnanna og var oft lítið á það sem vinargreiða. Nú eru þjóðfélagsástæður slíkar að flestar konur eru neyddar til að vinna utan heimilis. Hvað verður þá um börnin? Einkaaðilar gæta flestra og gæslufólkið fær yfirleitt lítið fyrir sinn snúð. Eftir sem áður er lítið á barnagæsluna sem hálfgerðan vinargreiða. Störf dagmæðra spara hinu opinbera miklar fjárhæðir. Hið opinbera virðist meira að segja meta starf okkar sem "góðgerðastarfsemi." Þessu viljum við breyta. Okkar starf er mikilvægt og virðingarvert. Í samræmi við það skal það metið.

- Geturðu sagt okkur eitthvað um félagið?

Börnin una sér vel hjá Arnfríði

- Við sem erum skráðar dagmæður á Akureyri stofnuðum félagið, einkum til að samræma kauptaxtana. Við tókum mið af 4.taxta Einingar, algengustu verkamannslaununum. Við höfum leyfi Félagsmálastofnunar til að taka 4 börn - að meðtöldum eigin börnum. Fyrir hvert barn er greitt 1/4 tímakaups skv. 4. taxta og af þessu greiðum við mat, leiktæki, tjón rafmagn o.fl.

ÓKEYPIS BARNAGÆSLA

- Greiðir bærinn eitthvað líka?

- Nei, en það ætti hann hins vegar að gera. Við viljum fá greidd útgjöld vegna fæðiskostnaðar barnanna. Þá álítum við raunhæfara að dagmæður annist þrjú börn í stað fjögurra. En þá ætti bærinn að greiða þeim sem svarar gjaldi fyrir fjórða barnið og þessi breyting kæmi ekki við pyngju foreldra. Þannig myndi kaup okkar og vinnuálag nálgast það sem gengur og gerist hjá verkafólki.

- Styður þú kröfuna um ókeypis barnagæslu fyrir öll börn?

- Jú, eindregið. Konur eru gjarnan neyddar til að vinna utan heimilis, eða þær vilja það frekar en hitt. Mín reynsla er einnig sú að börnin hafa gott af því að kynnast veröldinni utan veggja heimilanna. Og svo eru það konur sem hafa hlotið menntun. Konur eiga að sjálfsögðu jafnan rétt til menntunar á við karla. En svo að loknu námi sitja þær eftir heima yfir börnum, fá ekki barnagæslu og stunda ekkert starf heldur. Þetta finnst mér ófugsnúið.

Ef til staðar væru dagvistarrými fyrir öll börn, þá kæmu margar dagmæður út á vinnumarkaðinn, og þær sem sérstaklega hefðu áhuga á barnagæslu myndu starfa á dagheimilum.

Að lokum hvatti Arnfríður allar konur sem stunda barnagæslu á Akureyri að koma í félagið. Og eins og hún orðaði það: "Við verðum að standa vörð um okkar hagsmuni."

Vbl. sendir dagmæðrum á Akureyri kveðjur. Því sterkari sem samtök þeirra eru, því betur eru þær í stakk búnar til að verndа hvern einstakling.

Fréttaritari

Aldo Moro: Þjónn og fórnarlamb vaxandi fasisma

EIK(m-l) taka afstöðu gegn ógnarverkum einangraðra smáhópa Ránið óg morðið á Aldo Moro þjónar ekki málstað baráttusinn á Ítalíu eða annarsstaðar í heiminum.

Aldo Moro var borgaralegur stjórnmálamaður, sem starfaði gegn alþýðuhag. Hann studdi borgaralega alræðið á Ítalíu og var í fararbroddi í baráttunni gegn verkalýð og vinnandi alþýðu. Hann á því enga samúð skilið hjá alþýðunni. Viðbrögð alþýðufólks við morðinu á Moro eru viðbrögð gegn baráttuaðferðum þeim sem notaðar eru af ógnarverkamönnum. Þær eru fjandsamlegar réttri baráttustefnu og baráttuhug alþýðunnar. Afleiðing ógnarverka af þessu tagi er helst sú að gefa borgaralegum öflum og fasistum tæki færi til að beita raunverulegu verkalýðssinnuð baráttuöfl enn þá meira ofríki, hindra starf semi þeirra, banna stjórnmálaflokka kommúnista o.s.frv.

Helsta aðferð verkalýðs og vinnandi alþýðu í baráttunni gegn auðvaldsskipulaginu er að fylkja eins mörgum og mögulegt er til baráttu gegn borgarastéttinni og hugmyndum hennar. Sú barátta fer fram fyrir opnum tjöldum eins lengi og það er hægt. Barátta fjöldans er eina leiðin til raunverulegs alþýðufrelsis - til sósíalisma og síðar kommúnisma.

Stefna marx-lenínista er stefna fjöldabaráttu en ekki ógnarverka einangraðra hópa.

EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið syrgja ekki Aldo Moro, né marga aðra sem drepnir eru af ógnarverkasinnum (terroristum) þó þau fordæmi morðin. Ógnarverkin eru aðeins afleiðing og birting armynd á rotnandi auðvaldsskipulagi. Þeir sem herða kúgun og arðrán grafa sína eigin gröf. Þeir falla fyrir vopnum sem þjóðfélag þeirra smíðar þeim sjálfum. EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið taka hins vegar harða af stöðu gegn hverskyns ógnarverk um, sem framkvæmd eru gjörsamlega án tengsla við fjöldabaráttu, og eiga hvergi heima í baráttuskipulagi verkalýðs og vinnandi alþýðu.

PAC-söfnun lokið

Þann 1. maí s.l. lauk söfnun EIK(m-l) til hinnar leiðandi þjóðfrelsishreyfingar Azaníu (S-Afríku), Pan Africanist Congress.

Alls hafa safnast á samfylkingarfundum ýmsum, á götum úti og meðal ýmissa samtaka kr. 124.559,-. Meðal skólafélaga eða stjórna stéttarfélaga er styðja baráttu PAC eru Stéttarfélag félagsráðgjafa, Félag járniðnaðarnema og SÍNE-deildin í Ósló. Vert er að geta þess að hvorki Alþýðubandalagið, Fylkingin né "Kommúnistaflokkurinn" lögðu fram fé eða stuðning.

Upphaflegt takmark söfnunarinnar var kr. 100.000,- fyrir 1. maí. Árangurinn er því glæsilegur og gott dæmi um stuðning þann sem alþýðubaráttan í 3. heiminum á sér á Íslandi meðal alþýðunnar.

Fé verður sent til fulltrúa PAC við fyrsta tækifæri.

EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið þakka af alhug öllum stuðningsmönnum söfnunarinnar. Framlag þeirra er skerfur til frjálsrar Azaníu.

LIFI PAC!
LIFI FRJÁLS AZANÍA!

Greinaflokkur um efnahagsmál

4.grein Vísitölubinding launa

Vísitölugrundvöllur framfærslukostnaðar er þannig fundinn að reiknað er út meðaltal af neyslu ákveðins fjölda neytenda, sem færa nákvæma dagbók yfir neyslu sína. Síðan er ákveðið, hvaða neysluvörur skul tilheyra vísitölugrundvellinum. Þeir liðir eru síðan verðlagðir samkvæmt gildandi verðlagi, og er þá fundin út hin svokallaða "vísitölufjölskylda".

Á einhverjum ákveðnum tíma er vísitölugrundvöllurinn ákveð inn sem 100 vísitölustig. Við breytingu á verðlagi er síðan bætt við þessi hundrað stig.

Vísitöluútreikningur og ákvarðanir þar að lútandi eru í höndum ríkisvaldsins - ríkisvalds einokunarauðvaldsins, sem getur því að vild kippt ákveðnum liðum út úr grundvellinum. Þar með getur auðvaldið hækkað verð viðkomandi vörutegunda án þess að það komi fram í grundvellinum, sbr. núverandi skipan mála hvað varðar áfengi og tóbak. Verði t.d. óbeinir skattar teknir út úr grundvelli vísitölunnar- eins og auðvaldið ætlar sér að gera - er hægt að hækka tolla , söluskatt, vörugjald o.fl. án þess að það komi fram.

Vísitalan er því meingölluð sem slík, og gefur mjög brogaða og skekkta mynd af framfærslukostnaði launafólks.

Með vísitölubindingunni teng ingu launa við vísitölu framfær færslukostnaðar - vannst þó viss trygging fyrir verkalýð. Viðmiðun komst á sem olli því að ekki var gengdarlaust hægt að ganga á kjör verkalýðs bótalaust á samningstímanum. Þetta er mikilvægt fyrst og fremst vegna hinnar miklu verðbólgu hérlendis. Væri hún ekki til staðar - eða ef hún væri mjög litil - er ólíklegt að vísitölubinding launa væri svo æski leg.

Þegar ágóði einokunarauðvaldsins minnkar vegna dýpkandi kreppu auðvaldsins grípur það til þess að taka tengingu vísitölu og launa úr sambandi. Þetta gerir auðstéttin fyrst og fremst til að þurfa ekki að ganga á eigin lúxusneyslu og eigin eignaaukningu.

Það hefur sýnt sig að þeir borgaraflokkar sem snúa máli sínu hvað ákafast til verkalýðs beita þessu ráði engu síður en opinskáir hægriflokkar. Það verður t.d. lengi í minnum haft að það var ríkisstjórn Alþýðubandalags, Framsóknar og Samtaka frjálslyndra, sem fyrst hóf til vegs þessa aðferð í bar áttu sinni og auðstéttarinnar gegn verkalýð og öllu vinnandi fólki.

Næst:Gengisfellingar.

Kjarabaráttan 1. maí
Einbjörn í Tvíbjörn

Trúir því einhver að meðallaun á Íslandi væru í raun þau lægstu í N-Evrópu , ef stefna stéttabaráttu stýrði verkalýðshreyfingunni ?

Nei, afar fáir gera það.

Í stöðu dagsins í kjaramálum er hins vegar svo háttað að stéttasamvinnan er leiðarljós fjandsamlegrar verkalýðsforystu og kjörin fara versnandi. Í tæp fjögur ár hefur "samábyrgðarstefnan" séð til þess að verkafólk hefur hvorki verið hvatt, skipulagt né frætt til öflugrar fjöldavirkni utan þings, utan nefnda VSÍ/ASÍ/BSRB. En nú eru kjörorð ASÍ/BSRB-forystunnar og foringjanna úr borgaralegu "verkalýðsflokkunum": Barátta - kjósum ekki kaupránsflokkana - kosningar eru kjarabarátta.

Hvers virði eru þessar hvatningar ?

40 ára samfelld hnignunarsaga verkalýðshreyfingarinnar svarar því. En stéttasamvinnuforkólfarnir reyna að fela þetta með því að benda á atvinnurekendur og ríkisstjórnir og segja: "Þetta er allt þeim að kenna".

1.maí var þessi blekking og stuðningur við "samábyrgðarstefnu" verkalýðsforystunnar og atvinnurekenda undirstaða aðgerða fulltrúaráðsins, BSRB og Iðnnemasambandsins. Og aðalkrafan er "Samningana í gildi" - en 50 ára kröfu: "Lífvænleg laun fyrir dagvinnu" hnýtt aftan við.

Sannleikurinn er hins vegar sá að baráttuvilji vinnandi fólks ber nú uppi a.m.k. baráttu fyrir 150 þús. kr. lágmarkslaun, sem táknar svipaðan kaupmátt og vorið 1974. Þessi krafa Samfylkingar 1.maí er hin raunverulega baráttukrafa dagsins, en ekki framtíðarmarkmið fjarri undan eða staðfesting á kaupmáttarrýrnun þeirri er "sólstöðusamningarnir" síðustu hljóðuðu upp á.

1.maí fengu stéttasamvinnuforkólfarnir góðan stuðning frá "Rauðri Verkalýðseiningu" og "Baráttueiningu". Þar voru bornar sömu kröfur og í mótorgöngunni hjá ASÍ/BSRB/INSÍ. Þar voru engar hlutstæðar launakröfur miðaðar við baráttustöðuna og ASÍ/BSRB-forystan aðeins gagnrýnd sem "gölluð", en ekki sem aðalandstæðingurinn innan verkalýðshreyfingarinnar, stoð og stytta atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra.

Aðgerðir þessara yfirlýstu "róttæku" afla sýndu að þarna fór bleik vasaútgáfa af falssósíalisma verkalýðshreyfingarinnar.

Fölsk eining

Innifundur Fylkingarinnar 1. maí sl. taldi um 50 manns. Fyrr um daginn höfðu "samfylkingar" þessara stjórnmálasamtaka safnað um 500-600 manns í kröfugöngu í Reykjavík. Ekkert fjöldastarf né tilraunir til að virkja baráttusinna í undirbúningsstarf sáust frá hendi þessara samtaka. Sameiginlegur og samþykktur stefnugrundvöllur (kjörorð) "Baráttueiningar" og "Rauðrar Verkalýðseiningar" var ekki til. Í dreifiriti þeirra "var vakin athygli á nokkrum kjörorðum". Yktar þátttökutölur í Neista og Stéttabaráttunni ná ekki að fela sýndarmennskuna, fölsku eininguna og götóttu "baráttu"-stefnuna í aðgerðunum 1. maí. Þrátt fyrir samvinnu samtakanna tveggja var sameiginlega gangan ekki stærri í ár en ganga "Rauðrar Verkalýðseiningar" einnar í fyrra. Og sérfundir Fylkingarinnar og "KFÍ/ml" sýna raunverulegt vantraust manna á falssósíalisma og tækifærisstefnu þessara afla.

Margir gengu eflaust með "Baráttueiningu" og RVEI í þeirri trú að um raunverulega einingu baráttusinna væri að ræða. En aðgerðirnar afhjúpuðu eðli sitt þegar þann 1. maí, og munu aldrei ná verulegu fylgi, þrátt fyrir róttækt yfirbragð að nokkru leyti.

Í málum andheimsvaldabaráttu var alþýðufjandskapurinn einna augljósastur hjá "róttæku öflunum". Ekki var minnst á sjálfræði Íslands og erlenda ásælni. Ekki orð um erlenda stórveldi. Ekki orð um stríðsundirbúning risaveldanna í kröfugrundvellinum, meira að segja virtist bandarísk heimsvaldastefnan rétt aðeins snerta Ísland. Að því marki sem minnst var á Sovétríkin í máli "KFÍ/ml" var það undir rós og í mótsögn við málflutning Fylkingarinnar.

Hve stór skyldi ganga þessara aðila hafa orðið 1. maí ef þátttakendur hefðu fengið tækifæri til að móta sér afstöðu fyrr en í aðgerðunum sjálfum?

Innifundir Fylkingarinnar og "KFÍ/ml" með rúmlega 100 manns til samans gefa um það góð fyrirheit.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ MÁLGAGN SÓSÍALISTAFLOKKSINS OG ALÞÝÐUBANDALAGSINS SAMEINIST!

hækkar

Verkalýðsblaðið fer ekki varhluta af dýrtíðinni. Kostnaður við útgáfuna eykst mikið. Við verðum að hækka lausasöluverðið til þess að standa undir kostnaðinum. Áskriftarverðið verður hins vegar það sama og áður. Verðið er: Ársáskrift 2500.-
Hálfsársáskrift 1500.-
Til útlanda 4000.-
Stuðningsáskrift 5000.-
Verð í lausasölu 150.-

ÁSKRIFTA SÖFNUN — PRENTVÉLAR SÖFNUN

200 áskrifendur fyrir 1. maí

Í áskriftasöfnuninni sem lauk 1. maí söfnuðust alls 190 nýir áskrifendur. Er þetta mikilvægur áfangasigur að því takmarki að gera Verkalýðsblaðið að vikublaði í náinni framtíð. Fjöldi áskrifenda eykst jafnt og þétt og blaðið nær stöðugt til fleiri og fleiri lesenda. Þetta er jákvæð þróun, sem sýnir að við erum á réttri leið. Nú gildir að fylgja þessari jákvæðu þróun eftir og herða róðurinn enn meir - afla enn fleiri áskrifenda og herða lausasöluna. Aðeins með því móti náum við settu marki.

Takmarkinu er náð. Þann 10. maí s.l. höfðu borist rúml. 1035 þúsund kr. í prentsmiðjusöfnun Verkalýðsblaðsins. Þetta er glæsilegur árangur sem sýnir að staða málgagns verkalýðsins styrkist óðum. Segja má að með þessari söfnun og fyrri söfnunum sé fótunum komið undir prentsmiðju Verkalýðsblaðsins og innan skamms fara kaupendur blaðsins að sjá árangur af söfnunarherferð okkar, þ.e.a.s. Verkalýðsblaðið prentað í eigin prentsmiðju.

Verkalýðsblaðið þakkar þeim mörgu sem gert hafa takmark söfnunarinnar að veruleika.

Meginmistök okkar í þessari söfnun eru þríþætt:

1. Forystuleysi fyrir söfnuninni.
2. Vön.tun á styrku skipulagi.
3. Of lítill árður fyrir mikilvægi áskrifenda og vöntun á áræði.

Allt eru þetta grundvallaratriði sem verður að ráða bót á nú þegar, og slá má föstu að þessi mistök séu bein orsök þess að settu marki var ekki endanlega náð. Ítarlegri greinargerð kemur síðar í Verkalýðsblaðinu.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK(m-l)
Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á gíró 12200-9

ÁBYRGÐARMAÐUR : ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 2500
1/2 árs áskrift: kr. 1500
Til útlanda: kr. 4000
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30, Posthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
Safnahúsinu
101 REYKJAVÍK

Úr ræðu Brynju Óskarsdóttur

„Öflugt starf í verkalýðsfélögunum nauðsynlegt"

Samfylking 1. maí

Brynja Óskarsdóttir, verkakona, flutti ræðu á útifundi Samfylkingar 1.maí í Rvík og sagði m.a. frá baráttu verkafólks á vinnustað sínum, frystihúsinu á Kirkjusandi. Hún gerði kvennabaráttuna að sérstöku umtalsefni og sagði þá m.a.:

"Atvinnurekendur nota konur sem varavinnuafl sem hægt sé að draga inn í framleiðsluna ef þeir þurfa á því að halda og sem þeir geta sent heim með engum fyrirvara, ef þeir þurfa að losna við launaútgjöld. Ennfremur er þess gætt að yfirleitt fái karlmenn hærra kaup en konur, meiri aukavinnu og yfirleitt er gerður munur á starfskrafti þeirra og þarafleiðandi ýtt undir sundrungu á milli kynja. Ekkert tillit er tekið til þess að kjör ófaglærðs verkafólks eru almennt það erfið að bæði hjónin neyðast til að vinna fulla vinnu utan heimilis - svo ekki sé talað um kjör einstæðra foreldra. Atvinnuóryggi kvenna er mjög lítið og verkalýðsforystan er skiljanlega ófær um að gæta hagsmuna þeirra og reka árangursríka baráttu. Konum er það því lífsnauðsyn að hefja baráttu fyrir hagsmunum sínum - kvennabaráttu á grundvelli stéttabaráttu".

Að lokum ræddi Brynja um vinnubrögð verkalýðsforystunnar og meðvitaða samvinnu hennar við auðvaldið, stéttasamvinnustefnuna:

"Við verðum að svipta hulunni af því hvernig vinnubrögð stéttasamvinnuforkólfarnir stunda. Við getum sagt blöðum frá ástandinu á vinnustöðunum, ef annað dugar ekki til. Við verðum að mynda upplýsingatengsl milli verkafólks á mismunandi vinnustöðum, þannig að við sjáum að öll höfum við svipuð vandamál við að stríða og getum staðið saman að lausn þeirra. En engar aðgerðir geta fullkomlega náð tilgangi sínum ef stéttasamvinnustefnan, "friðsamleg sambúð við atvinnurekendur" á kostnað verkafólks, er leiðsögn aðgerðanna.

Verkalýðsfélögin eru okkar stærsti félagsskapur og þar bindumst við sáttökum. Við höfum ekki efni á og getum ekki látið það afskiptalaust hvernig þessi félög eru starfrækt. Það erum við sem eigum að ráða stefnu þeirra, við getum aldrei verið hlutlaus. Og það er enginn sem getur gætt hagsmuna okkar fyrir okkur, við verðum að gera það sjálf.

Þetta þýðir að við verðum að gera verkalýðsfélögin að okkar baráttutækjum - við verðum að nota alla okkar reynslu - úr Samfylkingu 1.maí og úr starfinu - til að GERA VERKALÝÐSFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM OG 1. MAÍ AÐ BARÁTTUDEGI !"

Nýr sendiherra Kína boðinn velkominn

Eftirfarandi bréf var sent frá framkvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l) til Sendiráðs kínverska alþýðulýðveldisins í tilefni þess að Kínverjar hafa nú nýverið skipað nýjan sendiherra sinn á Íslandi, Chen Feng. Bréfið er svohljóðandi:

"Til sendiherra Kínverska alþýðulýðveldisins,
hr. Chen Feng
og starfsliðs sendiráðsins

Einingarsamtök kommúnista (marx-leníníista) bjóða yður og nýja meðlimi starfsliðs sendiráðs yðar velkomna til Íslands.

Við erum sannfærð um að starf yðar mun efla og þróa áfram vináttu milli þjóða okkar tveggja.

Við óskum yður velgengni.

Fyrir hönd FMS EIK(m-l)
Ari Trausti Guðmundsson.

Samstaðan ...

Frh. af forsíðu

Sama gildir um áframhaldandi aðgerðir á föstudeginum. Í öðru lagi hefðu trúnaðarmenn ekki skýrt fólkinu strax frá fundinum með eigandanum að honum loknum, heldur létu fólkið bíða eftir því að verkstjórinn kæmi og gerði það. Þannig gafst fólkinu ekkert tækifæri til að ræða niðurstöður fundarins og áframhaldandi aðgerðir. Í þriðja lagi hefði átt að gera þá kröfu að eigandinn færi strax niður á Póstgíróstofu svo að fólkið gæti fengið málið á hreint sem fyrst. En þetta var ekki hægt vegna þess, eins og segir hér á undan, að ekki hafði gefist tækifæri til að ræða málin eftir fundinn. "Þetta álít ég vera mistök sem mikilvægt er að læra af svo við verðum betur undirbúin næst."

Verkalýðsblaðið lýsir yfir stuðningi við baráttu verkafólk sins í Ísbirninum. Það er vitað mál að orlofsfé er ekki notað í neitt orlof hjá verkafólki heldur í lífsnauðsynjar, afborganir af lánum o.fl. Þannig hafði verkafólkið verið búið að ráðstafa þessum peningum og eiga aðgerðirnar allan stuðning skilinn.

„Nýtt Víetnam-stríð í Afríku"

úr ræðu Helgu Gunnarsdóttur

Helga Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi, flutti ræðu á fundi Samfylkingar 1.maí í Tjarnarbúð og ræddi einkum alþjóðamál. Hún rakti í stuttu máli hvernig drottnunar- og stríðsstefna risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, birtist okkur ljóslega í dag og sló því föstu að það væru þjóðir 3. heimsins sem stæðu í fremstu víglínu baráttunnar gegn heimsvaldastefnunni. Hún minnti á mikilvægan stuðning alþýðu heimsins við baráttu alþýðu Indókína í styrjöldinni við bandaríska heimsvaldastefnuna. Í dag væri að skapast annað "víetnam", en í þetta sinn í Afríku. Hins vegar væru það nú fyrst og fremst Sovétríkin, með Kúbumenn sér við hlið, sem væru í hlutverki hins stríðsglaða innrásaraðila í ríki Afríku. Brýna nauðsyn væri til að styðja baráttuna gegn sovésku heimsvaldastefnunni, sem og allri annari heimsvaldastefnu í heiminum - þá ekki síður baráttu palestínsku þjóðarinnar gegn sionismanum og bandarískri heimsvaldastefnu.

Þá sagði Helga:

"Hins vegar er verndun sjálfræðis Íslands mikilvægt verkefni fyrir allt baráttusinnað fólk. Við verðum að standa vörð um pólitískt og efnahagslegt sjálfstæði Íslands. En hvað er það sem ógnar þjóðarríkinu Íslandi? Það er tvímælalaust stríðsundirbúningur risaveldanna. Líkurnar fyrir þriðju heimsstyrjöldinni aukast, vígbúnaðarkapphlaupið eykst og rotnun í innviðum risaveldanna kallar á útþenslu. Ef til heimsstyrjaldar kemur, þá mun Ísland óhjákvæmilega dragast inn í hana, sakir landfræðilegrar staðsetningar, og NATO-herstöðvarinnar. Og þá verður Ísl. alþýða að vera þess viðbúin að verja sjálfstæði Íslands

Í dag situr bandarískt herlið Ísland. Það er ekki hér til að gæta hagsmuna alþýðu, heldur til að gæta hagsmuna bandarísku heimsvaldastefnunnar og baktryggja Ísl. auðvaldið og borgarastéttina. Ísland úr NATO - herinn burt!

Erlent einokunarauðvald lítur á Ísland sem framtíðargósenland fyrir fjárfestingar sínar og útök. Enda er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Íslenskir auðherrar eru auðkeyptir fyrir stundargróða, aðeins ef þeir geta skarað eld að eigin köku. Norskir einokunarauðhringar hafa fengið augastað á Íslandi; hér er ódýr orka, ódýrt vinnuafl og litlar kröfur gerðar til mengunarvarna að hálfu ríkisvaldsins. En við stöndum ekki ein í baráttunni gegn norskri heimsvaldastefnu. Í dag gengu samherjar okkar í Noregi undir kjörorðinu: Gegn norskri heimsvaldastefnu, jafnt á Íslandi sem í Brasilíu!

Ekki verður svo rætt um sjálfræði Íslands, að ekki sé minnst á rányrkju á fiskimiðunum, bæði að hálfu Ísl. og erlends auðvalds. Þar situr gróðahyggja auðvaldsis í fyrirrúmi. Stefna þessara herra einkennist af hugsunarhættinum: Það lafir meðan ég lifi!

En við vitum að kúgun elur af sér andstöðu, að í dag hafa samherjar okkar út um heim safnast saman og fundið styrk samstöðunnar gegn óvininum. Baráttan fyrir betri lífskjörum og réttlæti verður ekki aðeins háð einn dag ársins, heldur er hún sífelld og krefst mikils af okkur.

Gegn báðum risaveldunum - verjum sjálfræði Íslands!"

Eritreufundur EIK(m-l)

Sovéska heimsvaldastefnan fordæmd

Almennur fundur um styrjöldina í Eritreu haldinn í Reykjavík á vegum Einingarsamtaka kommúnista (m-l) og Verkalýðsblaðsins 3. maí ályktar eftirfarandi:

Styrjöldin í Eritreu er réttmætt þjóðfrelsisstríð, háð gegn nýlendustjórn Eþíópíu og sovéskri auð- og heimsvaldastefnu, sem og allri annarri heimsvaldastefnu.

Fundurinn lýsir eindregnum stuðningi við sjálfsákvörðunarrétt Eritreuþjóðarinnar, við þjóðfrelsishreyfingarnar ELF og EPLF og vopnað alþýðustríð þeirra og alþýðu landsins.

Fundurinn fordæmir harðlega kúgunar- og stríðsaðgerðir kvislingastjórnar Mengistus ofursta og afskipti Sovétríkjanna og Kúbu af átökunum. Um er að ræða skipulegt þjóðarmorð í ætt við framferði Bandaríkjanna í Indókína og er liður í styrkjaldarundirbúningi og arðránsstefnu annars risaveldisins, Sovétríkjanna.

Fundurinn hvetur alla framsækna einstaklinga og samtök á Íslandi til þess að efla stuðningsstarf við þjóðfrelsisöflin í Eritreu á alla lund.

ELF og EPLF munu sigra - styðjum þjóðfrelsisöfl Eritreu!

Sovétríkin og Kúbu burt úr NA-Afríku!

Til baráttu gegn báðum risaveldunum!

Berhanu ...

Frh. af bls. 2

treískar konur eru sér fullkomlega meðvitaðar um rétt sinn, og við höfum náð mikilvægum áföngum í að koma á jafnrétti kynjanna.

Byltingin þarfnast pólitísks og efnalegs stuðnings erlendis frá

Vbl.: Hvaðan fær eritreíska byltingin helst stuðnings erlendis frá?

- Við njótum opinbers stuðnings frá Súdan, Sýrlandi og PLO. Þar að auki fáum við mikinn stuðning frá stuðningshreyfingum í löndum Skandinavíu og víðar og efnalegan stuðning frá Alþjóða Rauða Krossinum og Hjálparstofnun kirkjunnar eins og ég kom inn á áður. Margar Afríkuþjóðir styðja okkur óopinbert, en hafa ekki enn tekið skrefið að fullu. Það verður haldið þing OAU (Einingarsamtaka Afríkuríkja) í júní, og vonumst við til að mál okkar verði tekið þar upp.

Að lokum við ég segja þetta: Við heitum á alla íslenska alþýðu og alla andheimsvaldasinna heimsins að fordæma heimsvaldastefnu og sósíalheimsvaldastefnu, sem beinist nú svo harðlega gegn baráttu þjóðar okkar. Við heitum á íslenska alþýðu að veita okkur bæði siðferðilegan og efnalegan stuðning.

Verkalýðsblaðið vill taka undir lokaorð félaga Berhanu Kifle, og minna um leið á fjársöfnun EIK(m-l) til frelsisbaráttunnar í Eritreu. Þá vill blaðið benda á að hægt er að fá áskrift að mánaðarritinu Eritrean Revolution og fréttabrefinu The Eritrean News Letter, sem kemur út hálfsmánaðarlega. Skrifið til:

The ELF Foreign Information Centre
P.O.BOX 14
5385 Beirut
Lebanon

Einnig mun vera hægt að fá efni um Eritreu í Októberbúðinni Óðinsgötu 30.

Sumarbúðir

Um verslunarmannahelgina mun Verkalýðsblaðið gangast fyrir sumarbúðum, einar verða í nágrenni Reykjavíkur, aðrar norðanlands.

Á sumarbúðunum verða pólitískar umræður um:

- Uppbyggingu kommúnistaflokks og fjöldastefnu sem vopn í þessu starfi

- Kenningin um 3 heima og í hverju hún er fólgin - hvernig hún tengist ástandinu í dag.

Auk pólitískra umræðna verður mikil áhersla lögð á útiveru menningarefni og óformlegar umræður. Sumarbúðirnar verða þannig bæði hressandi frí auk þess sem við styrkjum okkur í pólitískum umræðum.

Lesendur Vbl. eru hvattir til að koma á sumarbúðirnar og láta skrá sig á þær sem fyrst. Það er hægt

í Reykjavík að Óðinsgötu 30 eða pósthólf 5186
á Akureyri í Hafnarstræti 79 eða pósthólf 541.

Ljósfundur Samfylkingar 1.maí

SAMFYLKING 1. MAÍ í Reykjavík boðar til almenns ljósfundar að Hótel Esju miðvikudaginn 24. maí kl. 20.30. Rætt verður um starfið fyrir 1. maí og um sjálfar aðgerðir SAMFYLKINGAR 1. MAÍ. Mikilvægt er að félagar og stuðningsmenn SAMFYLKINGAR 1. MAÍ mæti á fundinn!

Stjórnin